

Rifós hf, fiskeldi  
Lóni  
671 Kópaskeri

Reykjavík, 8. desember 2020  
UST202003-208/H.S.J.  
08.12.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 2. nóvember sl. þar sem óskað var eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar í fiskeldi Rifóss hf, þann 27. ágúst sl. Frestur var veittur til 4. desember sl. Þann 1. desember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 41., 42., og 43. Gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.** Öruggar árekstrar- og mengunarvarnir skulu vera við olíugeyma. Yfirfyllingarviðvörðun eða -vörn skulu vera til staðar ásamt því að afgreiðslubýssa skal búin útsláttarbúnaði. Engar árekstrarvarnir eru við lausageymi eða við afgreiðslubýssu bensíngeymis. Bensíngeymir er ekki í olíuheldum dúk og dísilgeymir er ekki tvöfaldur eða í lekaheldri þró. Engar upplýsingar eru um mengunarvarnir 1500 L geyma. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila er búið að fjárfesta í tveimur nýjum 10 m<sup>3</sup> geymum frá N1 sem uppfylli skilyrði reglugerðar. Áætlað er að þeir komi í mars 2021 og verði settir upp í apríl/maí 2021.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila, en óskar eftir því að rekstraraðili sendi staðfestingu þess efnis þegar uppsetningu geymanna er lokið eða ef fyrirsjáanlegt að tímafrestir gangi ekki eftir, en eigi síðar en 31. maí 2021. Úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra